



Loftvarnir. Leiðbeiningar fyrir almenning. Loftvarnarnefndin 1940

Bjarni Benediktsson – Loftvarnir. Leiðbeiningar fyrir almenning. Loftvarnarnefndin 1940

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-7, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Loftvarnir

Leiðbeiningar fyrir almenning

Loftvarnanefndin

Reykjavík 1940

Merki um hættu:

Rafflautur, sem komið er fyrir viðsvegar um bæinn, senda frá sér **síbreytilegan tón** allan tímann, á meðan árásarhætta er yfirvofandi og á meðan árás stendur yfir.

Öll símatæki bæjarins munu einnig hringja láttlaust í 30 sekúndur, jafnskjótt og aðvörunarmerki er gefið með rafflautunum.

Á öllum aðalstöðvum brezka setuliðsins munu verða gefin snögg, tíð hljóðmerki með vasaflautum hermannanna.

Merki um að hættan sé liðin hjá:

Stöðugur, jafn tónn rafflautanna í 5 mínútur eða lengur.

Hvað ber yður að gera, ef merki er gefið um yfirvofandi loftárás?

Ef þér eruð staddur úti á götu eða bersvæði, ber yður þegar í stað að leita skýlis í næsta opinberu loftvarnabyrgi, traustum kjallara með steinsteypu lofti, loftvarnaskurði, eða lægð.

Ef þér eruð staddur innan húss, ber yður þegar í stað að leita skjóls í loftvarnabyrgi hússins, fara í loftvarnaskurð eða -gryfju í garði hússins, eða leita skjóls í næsta húsi, ef skjól er þar betra og stutt að fara.

Hlýðið húsverði án tafar og skilyrðislaust.

Forðist að fara út úr húsum til þess að horfa á loftárás. Hefir það orðið mörgum manni að bana. Standið ekki nálægt gluggum.

Í nágrenni við loftvarnabyssur, VERÐA allir gluggar að vera opnir á meðan loftárás stendur yfir.

Hvað ber yður að gera, ef merki er gefið um yfirvofandi loftárás?

Ef þér eruð staddur úti á götu eða bersvæði, ber yður þegar í stað að leita skýlis í næsta opinberu loftvarnabyrgi, traustum kjallara með steinsteyptu lofti, loftvarnaskurði, eða lægð.

Ef þér eruð staddur innan húss, ber yður þegar í stað að leita skjóls í loftvarnabyrgi hússins, fara í loftvarnaskurð eða -gryfju í garði hússins, eða leita skjóls í næsta húsi, ef skjól er þar betra og stutt að fara.

Hlýðið húsverði án tafar og skilyrðislaust.

Forðist að fara út úr húsum til þess að horfa á loftárás. Hefir það orðið mörgum manni að bana.

Standið ekki nálægt gluggum.

Í nágrenni við loftvarnabyssur, VERÐA allir gluggar að vera opnir á meðan loftárás stendur yfir.

Inngangur.

Viða erlendis hafa nefndir sérfróðra manna um langt skeið setið á rökstólum, rannsakað og lagt á ráð um það, hvernig bezt verði hagað loftvörnum landanna. Viða hafa síðan verið sett ítarleg lög um þessi efni.

Í trausti yfirlýsingar vorrar um ævarandi hlutleysi landsins, höfum vér Íslendingar til þessa ekkert aðhafst í þessum málum. En eftir atburði þá, er gerðust 10. maí þ. á. varð ljóst, að við svo búið mætti eigi lengur standa; að einnig vér yrðum að gera allt, sem í voru valdi stæði, til verndar lífi og eignum landsmanna, ef — þrátt fyrir allt, — skyldi koma til þess, að erlent herveldi gerði loftárás á land vort.

Dómsmálaráðuneytið fól því lögreglustjóranum í Reykjavík, með bréfi dags. 14. maí að skipa loftvarnanefnd. Auk lögreglustjóra, er skyldi vera formaður nefndarinnar, skyldi eiga sæti í henni einn fulltrúi fyrir hvern þessara aðilja: Bæjarráð Reykjavíkur, Landssímann, Rauða Kross Íslands og Bandalag ísl. skáta.

Er nefndin þannig skipuð:

Formaður: Agnar Kofoed-Hansen, lögreglustjóri
í Reykjavík.

Fulltrúi Bæjarráðs Rvíkur: Valgeir Björnsson
bæjarverkfræðingur.

Fulltrúi Landssímans: Gunnlaugur Briem síma-
verkfræðingur.

Fulltrúi Rauða Kross Íslands: Gunnlaugur Einars-
son læknir.

Fulltrúi Bandalags isl. skáta: Dr. med. Helgi
Tómasson skátahöfðingi.

Allar hernaðarlegar loftvarnir hér á landi eru í
höndum setuliðsins og loftvarnanefndinni óvið-
komandi.

Þegar á fyrsta fundi sínum ákvað nefndin að taka
saman og láta prenta leiðbeiningar fyrir almenn-
ing um það, hversu menn skuli haga sér, ef loft-
árás kynni að bera að höndum.

Enda þótt nefndin telji líkurnar fyrir því, að loft-
árás verði gerð á Reykjavík, eða aðra bæi hérlendis
vera mjög litlar, þá treystir enginn nefndarmanna
sér til að rökstyðja þá skoðun, að líkurnar séu engar.
En á meðan nokkrar líkur eru fyrir hendi, um að
til loftárásar kunni að koma hér, er það mikill á-
byrgðarhluti að hafast ekkert að til varnar lífi,
limum og eignum landsmanna.

Þessi skoðun mun einnig hafa vakað fyrir dóms-
málaráðuneytinu, er það með fyrrnefndu bréfi sínu
ákvað skipun loftvarnanefndarinnar.

En þar eð nefndin, — eins og áður er sagt, — telur ábyrgðarluta að gera ekkert til varnar gegn loftárás hér, sér hún eigi að komizt verði hjá því, að hefja nú þegar og hraða sem mest má verða, undirbúningi varúðarráðstafana gegn hættum þeim, er kynni að stafa af loftárás hér.

Hefir nefndin í starfi sínu og tillögum tekið til hliðsjónar reynslu þá um loftvarnir, sem henni var kunn og fengizt hefir í öðrum löndum á síðustu mánuðum og misserum.

Almennt um loftárásir og sprengjur.

Þrátt fyrir mikla fjarlægð Íslands frá meginlöndum Norðurlálfu og Vesturheims, má fullyrða, að hernaðarflugvélum margra hervelda sé kleift að fljúga hingað frá bækistöðvum sínum og til baka aftur, án viðkomu hér. Í slíkri ferð gætu hinar stærstu flugvélar flutt með sér allt að 2 smálestir hergagna (sprengjur, vélbyssur o. fl.).

Sprengjur þær, sem notaðar eru til árása, eru einkum þessar:

1. Tætisprengjur.
2. Brotasprengjur.
3. Tækifærissprengjur.
4. Íkveikjusprengjur.
5. Eiturgassprengjur.

Fer hér á eftir stutt lýsing á ýmsum tegundum sprengja, sem notaðar eru í loftárásum.

1. **Tætisprengjur** eru af mjög mismunandi þyngd, en þó yfirleitt mjög þungar. Sumar tegundir eru jafnvel 250 kg eða meira. Sprengjur þessar eru

ætlaðar til árása og eyðileggingar á viggirtum og vel vörðum stöðum. Vegna þunga síns og oddstyrks sprengjuhyllkisins geta þessar sprengjur grafið sig alldjúpt í skotmark sitt, er þær falla beint niður á það.

Sprengjur þessar eru oftast nær þannig útbúnar, að þær springa ekki strax og þær nema við mark, heldur nokkru seinna. Er þetta gert til þess, að þær fái grafið sig sem dýpst í skotmarkið, áður en þær springa, og þannig valdið sem mestu tjóni og eyðileggingu.

2. Brotasprengjur eru einkum og aðallega notaðar til árása á hermannaflokka og fólk, sem stött er á götum úti og á bersvæði. Venjulega springa þær jafnskjótt og þær koma niður; grafa sig ekki, eða mjög skammt, niður í skotmarkið, en sundrast við sprenginguna og þeytast brotin úr þeim í allar áttir.

Þyngd brotasprengja er mjög misjöfn, en oftast nær eru þær undir 25 kg þunga.

3. Tækifærissprengjur. Þær sprengjur, sem mest eru notaðar í loftárásum, eru svonefndar tækifærissprengjur. Þær eru einskonar milliliður eða sambland beggja áður nefndra sprengjutegunda. Þyngd þeirra er mjög misjöfn; almennust 25—250 kg. Sumar sundrast jafnskjótt og þær koma niður, aðrar springa ekki fyrr en eftir nokkra stund.

4. Íkveikjusprengjur eru aðallega tvennskonar:

- 1) Sprengjur, sem valda íkveikju á einum stað, og

2) sprengjur, sem sundrast í fallinu og þeyta frá sér fjölmörgum minni sprengjum, er hver um sig getur valdið ikveikju.

Sprengjuhylkið, sem oftast er úr magnesium, er mjög þykkt. Er það fyllt með eldfimu efni.

Þyngd og stærð ikveikjusprengjanna er mjög misjöfn, 0,5—50 kg. Sprengja, sem er 10 kg að þyngd og fellur á hús úr 1500—2000 metra hæð, fer auðveldlega í gegnum venjulegt þak og oft jafnvel einnig gólf háalftsins, ef það er úr tré.

Þegar sprengjan kemur niður, kviknar í innihaldi hennar og brennur það upp með ofsalegum hita á nál. 1 mín. og bræðir og kveikir í hylkinu. Hylkið brennur síðan upp á nokkrum mínútum, eða allt að stundarfjórðungi, og stafar aðalbrunahættan frá því.

Ef eigi tekst að fjarlægja sprengjuna í tæka tíð, getur hún brennt sig niður í gegn um hvert loftið af öðru í timburhúsum og valdið þannig mörgum ikveikjum í sama húsinu.

Varnir gegn ikveikjusprengjum:

a) Ef unnt er, ætti að flytja í burtu af háalftinu allt sem eldfimt er. — Hafið þar jafnan tvær fötur, aðra fulla af þurrum sandi, hina með vatni; ennfremur reku. Ef hægt er að koma því við, er gott að þekja allt gólfið með sandlagi, er sé 2 cm á þykkt, eða meira; er þetta þó óþarft, ef gólfið er steinsteypt.

Ef gólf háalftsins er úr timbri, eins og er hér í öllum timburhúsum og mörgum hinna elztu stein-

húsa, er rétt að hafa einnig sandfötu, reku og vatnsfötu á næstu hæð fyrir neðan.

b) Falli ikveikjusprengja á húsið skal þegar brugðið við og nál. $\frac{3}{4}$ af sandinum úr fötunni hellt yfir sprengjuna, þannig að hann hylji hana sem bezt. Hættulaust er að koma í 1 m nálægð við sprengjuna; er því óþarfi að kasta sandinum úr mikilli fjarlægð. $\frac{1}{4}$ af sandinum á að vera kyrr í fötunni. Takið nú sprengjuna upp á rekublaðinu og látið hana í fötuna, stingið rekuskraftinu undir hanka fötunnar og berið hana hið skjótasta út úr húsinu og kastið henni á bersvæði, í skurð, vatn eða sjó. Ef eigi vinnst tími til að koma sprengjunni fyrir í fötu, ber að taka hana upp á rekublaðinu, bera hana eða kasta henni út, en þess verður vel að gæta, að valda eigi með því tjóni á öðrum húsum eða mannvirkjum.

c) Varist að hella vatni á sjálfa sprengjuna! Forðist einnig að nota venjuleg slökkvitæki við bruna þeirra. Hvorttveggja getur gert illt verra. Vatnið og slökkvitækin á aðeins að nota til að slökkva eld þann, sem kann að hafa kviknað út frá sprengjunni.

5. Eiturgassprengjur. Hætta á því, að eiturgas verði notað í núv. ófriði, er yfirleitt talin vera lítil. Orsökina er m. a. sú, að mjög mikið þarf af gasi til þess að ná verulegum árangri, t. d. að eitru heilar borgir. Til eitrunar á $2\frac{1}{2}$ ferkilometra svæði (þ. e. svipað og Rvík innan Hringbrautar) mundi þurfa nálægt 42 smálestir eiturgass. Er það fullfermi um 20 stærstu

flugvéla, er hingað kynni að verða sendar, ef hér kæmi til loftárásar. En því má bæta hér við, að slík eitrun næði því aðeins tilætluðum árangri, að algert logn væri á. En með ströndum fram hér er því yfirleitt sjaldan að heilsa, og í Reykjavík aðeins ör-sjaldan.

Líkurnar til þess, að erl. herveldi, sem nokkur kynni hefir af veðurfari og landfræðilegum stað-háttum hér á landi, sendi hingað flugvélar til eiturgasárásar, eru sáralitlar eða engar. Verður því eigi frekar rætt hér um eiturgas, né varnir gegn áhrif-um þess.

Loftvarnir í einstökum húsum.

Ef loftvarnir hér eiga að ná tilgangi sínum, veltur mjög mikið á því, að allir, sem búa eða starfa í sama húsi, séu samhentir og gæti i einu og öllu settra fyrirmæla um allt, er að vörnunum lýtur.

Sérhver húsráðandi (hvort sem er heimilisfaðir, forstjóri atvinnufyrirtækis, skóla eða annara stofn-ana) verður að hafa forustu um þessi mál með þeim, sem í húsinu búa eða starfa.

Alstaðar erlendis, þar sem beztu skipulagi hefir verið komið á loftvarnir, er hin mesta áherzla lögð á þenna þátt þeirra: — loftvarnir einstakra húsa eða sambygginga.

Enda þótt aðstæður hjá oss kunni í sumu að vera með nokkuð öðrum hætti (t. d. eru íbúðarhús hér almennt minni og fámennari en í flestum erlendum

borgum) þá er þó full ástæða til að taka þá erl. reynslu í þessum efnum, er bezt hefir gefizt, til hliðsjónar og fyrirmyndar um loftvarnir í einstökum húsum hér.

Vill loftvarnanefnd því eindregið beina þeirri áskorun til allra húsráðenda í Reykjavík og öðrum stöðum hér á landi, er talizt geti hættusvæði, ef til loftárása kynni að koma, að þeir nú þegar hefji undirbúning að loftvörnum í húsum sínum, með öllum, er þar búa, starfa eða dvelja að staðaldri.

Til leiðbeiningar um skipulag slíks loftvarnarliðs einstakra húsa, birtir nefndin hér nokkrar reglur, sem fylgja mætti. Geta reglur þessar gilt óbreyttar um öll hús, þar sem fleiri en 5 fullorðnir eru. Séu fullorðnir íbúar eða starfsmenn húss færri en 5, verður einn þeirra eða fleiri að taka að sér þau störf, sem fleirum eru ætluð skv. reglunum.

Íbúar eða starfsmenn hússins velja 5, eða fleiri, úr sínum hópi til þess að hafa með höndum stjórn loftvarna í húsinu, og er loftvarnalið þetta þannig skipað:

1. Húsvörður.
2. Varamaður húsvarðar.
3. Brunavörður.
4. Slysavörður.
5. Sendiboði.

Til þessara starfa skal fyrst og fremst velja þá, sem að jafnaði dvelja í húsinu og færir eru um að gegna þessum störfum.

Hlutverk þessara manna, hvers um sig, eru, sem hér segir:

1. **Húsvörður.** Stýrir hann loftvörnum hússins og hefir umsjón með öllu, er snertir þær. Um allt, er að loftvörnum lýtur, ber honum að hlíta yfirstjórn og úrskurði form. loftvarnanefndar eða umboðsmanna hans.

Húsvörður verður:

- a) að þekkja vel öll fyrirmæli og reglur, sem loftvarnanefnd setur um loftvarnir almennt, og þó fyrst og fremst allar ráðstafanir, er snerta hús hans,
- b) þekkja til hlítar húsaskipun alla og þó sérstaklega á efstu hæðum hússins og í kjallara, og vita hvar hægt er að loka fyrir vatns- og gasæðar hússins og raflögn. Ekki skal loka fyrir vatnslögn og raflögn húss, þótt merki sé gefið um yfirvofandi loftárás, þar eð báðar þessar lagnir geta verið nauðsynlegar beinlínis vegna loftvarnanna. Í mörgum húsum er ekki nein loka á stofnæð gasveitu, en loka er við hvern gasmæli. Rétt er að loka gasæðum þar sem hægt er, ef eld ber að höndum. Húsvörður og brunavörður ættu að vera við því búnir að geta lokað fyrir vatnsæð, ef hún springur. — Rafmagnsveita Reykjavíkur telur ekki rétt að taka strauminn af raflögnum, nema skemmdir hafi orðið á húsinu, en strax og merki er gefið um loftárás er rétt að taka úr sambandi á tenglum eða með rofum allar hreyfivélar, einnig hitunar- og suðutæki og slökkva öll ljós, sem eigi eru nauðsynleg vegna umferðar

um húsið. Þótt öryggin á töflum raflagnarinnar eigi sjálfkrafa að tryggja gegn skemmdum af völdum raflagnarinnar, þá er þó ekki útilokað, að einhver hætta geti orðið á bruna í timburhúsum eða að menn geti snert lífshættulega spennu, þegar vatn fer inn í raflögn og skemmir einangrun hennar. Húsvörður og brunavörður ættu því að vita hvar raflagnartaflan er, svo að þeir gætu fljótlega skrúfað öryggin út, ef það yrði nauðsynlegt vegna skemmda á húsinu. Þar sem stofntaug er sérstaklega löng, ætti húsvörður einnig að hafa tryggt sér heimild rafveitunnar til þess að mega taka út stofnvör hússins, ef brýn nauðsyn krefði.

c) gæta þess, að allur nauðsynlegur útbúnaður hússins til loftvarna sé jafnan í fullkomnu lagi,

d) annast loftvarnaæfingar með starfsfólki og íbúum hússins.

e) hafa forustu um loftvarnir hússins þegar merki er gefið um loftárás,

f) stýra björgunarstarfi, ef slysfarir verða, íkveikja, hrun eða aðrar skemmdir, nema svo alvarlegs eðlis sé, að nauðsynlegt reynist að kalla sérstakt hjálparlið til aðstoðar,

g) gefa form. loftvarnanefndar eða umboðsmönnum hans tafarlaust skýrslu um tjón það, er kann að hafa orsakast af loftárás, og

h) að afstaðinni loftárás eða loftvarnaæfingu að ganga úr skugga um, að öllum loftvarnaútbúnaði hússins sé komið í fullkomið horf á ný.

Öllum öðrum starfsmönnum í loftvarnaliði húss-

ins, svo og öllum öðrum íbúum hússins, starfsfólki og öðrum, er þar kunna að vera staddir þegar aðvörunarmerki um loftárás er gefið, ber skilyrðislaust að hlíta öllum þeim fyrirmælum húsvarðar, er að loftvörnum lúta.

2. Varamaður húsvarðar gegnir öllum störfum húsvarðar í forföllum hans.

3. Brunavörður hússins getur skipað sér til aðstoðar allt að 5 manns, eftir mannfjölda og stærð hússins.

Hlutverk brunavarðar er:

a) að vera viðbúinn að loka fyrir gas- og vatnusæð og raflögn hússins, ef skemmdir verða á því,

b) fjarlægja íkveikjusprengjur, er kunna að hafa fallið á húsið, og slökkva eld, er kann að hafa brotist út,

c) gera húsverði þegar aðvart, ef eldurinn er svo mikill, að nauðsynlegt sé að kalla á slökkvilið bæjarins til aðstoðar.

d) Eftir að gengið hefir verið úr skugga um, að eldurinn, sem kann að hafa kviknað, hafi verið slökktur, eða enginn eldur hafi komið upp í húsinu við loftárás, ber brunaverði án tafar að fara til aðstoðar við slökkvistarf í nágrennahúsum, ef þörf gerist.

4. Slysavörður getur skipað sér til aðstoðar allt að 5 manns, eftir mannfjölda og stærð hússins.

Hlutverk slysavarðar er:

a) aðstoða húsvörð við útbúnað og umsjón með loftvarnaskýli hússins,

b) stuðla að því, að allir íbúar og starfsfólk hússins sýni rósemi og stillingu og fari skipulega til loftvarnaskýlisins þegar gefin er aðvörðun um loftárás.

c) að sjá um, að baðker, balar og fötur séu þá þegar fyllt vatni,

d) veita þeim, er kunna að hafa slasast við loftárás, nauðsynlega aðhlyningu og hjálp.

5. Sendiboði á að

a) annast um flutning nauðsynlegra boða, er húsvörður þarf að koma áleiðis t. d. til slökkviliðs bæjarins, hjúkrunarstöðva o. s. frv.

b) vita um nöfn allra, sem í húsinu búa eða starfa, eða dvelja þar að staðaldri,

c) þekkja vel húsaskipun alla,

d) vita hvar næsti sími er,

e) vita hvar næsti brunaboði er,

f) hafa jafnan í vasa sínum klút eða rýju, sem hann bleytir í vatni og heldur fyrir vitum sér ef hann þarf að fara í gegn um reykfyllt herbergi; ennfremur þarf hann jafnan að hafa á sér blýant og pappír. Helzt þarf hann einnig að eiga greiðan aðgang að hjólhesti, er hann getur gripið til, ef hann í skyndi þarf að fara langa leið með áriðandi skilaboð.

Leiðbeiningar fyrir þá, sem staddir eru innan húss.

1. Þegar gefið er aðvörunarmerki um loftárás, ber öllum að gæta þess vel að forðast allt fum og óðagot, en fara skipulega til loftvarnaskýlis þess, sem þeir áður hafa valið sér, í eða við hús sitt. Slikt skýli getur verið í kjallara, herbergi á neðstu hæð hússins, eða skurður, sem grafinn hefir verið í garði hússins, eða næsta umhverfi þess. Ef fólk leitar skjóls innan húss, á það að halda sig sem næst burðarveggjum hússins, en forðast að standa við glugga eða útidyr með glerrúðum í.

2. Þeim, er umráð hafa yfir loftvarnaskýli, ber einnig að heimila öðrum, sem úti eru staddir þegar aðvörunarmerki er gefið, að fá þar athvarf, ef þeir óska þess og ekkert opinbert loftvarnabyrgi er þar nærri.

3. Enginn má yfirgefa skýli sitt fyrr en merki hefir verið gefið um, að hætta af loftárás sé liðin hjá. Ber öllum þá að hverfa rólega og skipulega úr skýlum sínum.

4. a) Vegna eldhættu í timburhúsum (og steinhúsum með timburloftum) ættu þeir, sem þar eru staddir, ekki að leita skjóls í kjallara hússins, nema þar séu tvennar eða fleiri greiðfærar útgöngudyr, — eða nægilega stórir gluggar, sem auðvelt sé að komast út um, ef nauðsyn krefur. Útgöngudyrnar eiga helst að vera á mótstæðum hliðum hússins.

Ef kjallarinn ekki uppfyllir þessi skilyrði, er ráðlegast fyrir þá, sem í húsinu dvelja, að leita sér heldur skjóls:

b) á neðstu hæð hússins t. d. í gangi, eða í því herbergi, er fæsta hefir glugga.

Þétt vírnet (möskvastærð: $\frac{1}{4}$ —1 cm), sem þan-ið er fyrir glugga innanverðan, hefir viðá reynzt ágæt vörn gegn rúðubrotum. Í stað vírnets má nota tréhlara, dýnu eða teppi, sem hengt er fyrir gluggann.

c) Í loftvarnaskurði, sem gerður hefir verið í garði hússins eða næsta nágrenni (sjá síðar),

d) í næsta húsi, ef þar er öruggara skýli; en þá verða menn að hafa samið áður um slíkt við nágranna sinn.

5. Ráðlegt er að hafa dyr og glugga herbergja, sem enginn dvelur í, opin á meðan á loftárás stendur (athuga þó það, sem sagt er um herbergi rúmliggjandi sjúklinga). Í nágrenni við loftvarnabyssur verða gluggar að vera opnir á meðan á loftárás stendur.

Gluggar og dyr herbergja, sem notuð eru sem loftvarnabyrgi, eiga að vera lokuð á meðan á loftárás stendur. Innan við gluggana ætti að strengja vírnet, festa hlera eða hengja dýnu. Bezt er þó að skýla gluggunum með sandpokum, en á því eru sjaldnast tók, nema byrgið sé í kjallara (sjá síðar).

Pappírsræmur (t. d. límpappírsborðar þeir, sem viðá eru notaðir í verzlunum við innpökkun), sem límdar eru innan á gluggarúður, t. d. í kross frá hlið

til hliðar, eða horna í milli, geta dregið verulega úr því að rúðurnar sundrist af loftþrýstingi. Þykir rétt að benda t. d. verzlunum, er hafa stóra sýningar-glugga, á ráð þetta.

Um rúmliggjandi sjúklinga, gamalmenni og aðra, sem eiga erfitt um gang.

Athugið vel:

Aðeins þeir, sem ferlivist hafa, eiga að leita skjóls í loftvarnabyrgjum á neðstu hæð hússins eða í kjallara þess.

Rúmliggjandi sjúklingar, gamalmenni og aðrir, sem eiga erfitt um gang, eiga að vera kyrrir í herbergjum sínum.

Fyrir glugga þessara herbergja ætti helst að koma upp tjöldum, sem hægt er að draga alveg fyrir þá. Þegar merki er gefið um yfirvofandi loftárás, á að opna alla glugga herbergisins, en draga gluggatjöldin alveg fyrir þá. Til þess að draga sem mest úr loftþrýstingi þeim, sem jafnan fylgir sprengingu árársarsprengjanna, á einnig að opna allar dyr.

Forðast skal eftir megni að láta rúm sjúklinganna standa við glugga. Sjúklingarnir eiga að liggja þannig í rúmi sínu, að þeir snúi andliti frá glugga.

Ekki má skilja sjúklinga eða gamalmenni ein eftir í herbergjum!

Hjá þeim verður einhver að dvelja, er hlynni að þeim og hjálpi, ef nauðsyn krefur.

Leiðbeiningar fyrir þá, sem staddir eru á götum úti.

1. Jafnskjótt og aðvörunarmerki er gefið um loftárás, ber öllum, sem staddir eru á götum úti, að leita skýlis í:

a) næsta opinberu loftvarnabyrgi, eða, — ef ekkert slikt byrgi er nálægt, —

b) í næsta örugga kjallara eða öðrum fullnægjandi stað, er þeir ná til.

2. Öll opinber loftvarnabyrgi í bænum eru merkt með rauðum örvum. Á næstu húsum, beggja megin byrgisins, eru örvar, sem stefna í áttina að byrginu. En á eða við innganginn að byrginu er límd rauð ör, er stefnir niður og er letrað fyrir ofan hana: **Loftvarnabyrgi.**

Sérstökum byrgisvörðum mun verða falið að gæta byrgjanna, og leiðbeina þeim, er til þeirra leita, ef loftárás ber að höndum.

3. Þeir, sem leitað hafa skjóls í loftvarnabyrgi, verða að hafast þar við unz merki verður gefið um, að hætta sé liðin hjá. Ber þeim þá þegar að hverfa á brott úr byrginu, rólega og skipulega. Forðast ber að safnast saman í þyrpingu eða hópa, er gæti hindrað eða tafið lögreglu, slökkviliðsmenn, hjúkrunarfolk eða aðrar hjálpar- eða björgunarsveitir í starfi þeirra.

Leiðbeiningar fyrir þá, sem staddir eru á bersvæði.

1. Þeir, sem staddir eru á bersvæði þegar aðvör-
unarmerki er gefið um loftárás, og eigi ná að kom-
ast í opinbert loftvarnabyrgi, né annað skýli innan
húss, áður en loftárás hefst, eiga að leggjast niður,
helzt í skurð eða í lægð, og liggja þar kyrrir un-
z merki er gefið um að hættan sé liðin hjá.

2. Ber þeim að gæta þess vel, að líta ekki upp á
meðan loftárás stendur yfir, heldur liggja á grúfu
og hylja sem bezt höfuð sitt t. d. með kápu, frakka,
hatti, handtösku eða þ. u. l.

Leiðbeiningar fyrir þá, sem staddir eru úti með reiðhjól, bifreiðar og skepnur.

Reiðhjól. Hjólreiðamenn leggi reiðhjól sín frá sér,
helzt í afdrep að húsabaki, en ekki götumegin við
hús, þar sem þau gætu valdið umferðartruflun og
töfum fyrir lögreglu, slökkvilið eða aðrar hjálpar-
sveitir. Þess verður vel að gæta, að skilja reiðhjól
ekki eftir við glugga.

Bifreiðar. Bifreiðastjórar aki bifreiðum sínum út
á bersvæði og skilji þær þar eftir, eða á vegarbrún,
við bil milli húsa. Bifreiðar skal skilja eftir ólæstar,
svo að lögregla, eða aðrir opinberir aðstoðarmenn
við loftvarnirnar, geti flutt þær til, ef nauðsyn kref-
ur. Farþegar og bifreiðastjórar leiti síðan tafarlaust
skýlis.

Menn, sem fara með skepnur, t. d. hesta, kúr eða sauðfé, reyni að sleppa þeim ekki lausum, heldur leiti þeim bezta skjóls, sem fáanlegt er í nándinni t. d. í lokuðu húsasundi, porti o. s. frv. Vagnhesta skal tafarlaust spenna frá og binda þá.

Um loftvarnabyrgi og loftvarnaskurði almennt.

1. Sérhver húseigandi, verzlunarfyrirtæki, verksmiðja, vinnustöð og skóli ætti nú þegar að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir um útbúnað hæfilegra loftvarnaskýla fyrir þá, er í húsum þeirra dvelja þegar aðvörunarmerki kann að verða gefið um loftárás.

Ef skýli er valið í húsinu (ath. þó það sem áður er sagt um timburgólfín), er að jafnaði best að það sé í kjallara þess, enda sé loft hans úr steinsteypu. Skýlið getur verið gangur, anddyri, eða herbergi, eitt eða fleiri. Ef tök eru á því, skal fjarlægja allt, sem eldfimt er. Skýla ber gluggum með sandpokum, ef unnt er. Ekki er nauðsynlegt að sandpokarnir liggi alveg upp að rúðunum. Má hlaða garð úr þeim fyrir utan gluggann, 30—40 cm frá rúðunum, þannig að ljós og loft geti komist inn um gluggann. Verður þessi garður þá að vera nokkru lengri en breidd gluggans er, og ná 15—20 cm upp fyrir hann. Ef ekki eru tök á að fá sand má hlaða t. d. torfgarði fyrir gluggana.

Ef unnt er, skal velja skýli, sem hefir tvo greið-

færa útganga, hvorn i sinum enda skýlisins. Glugga má nota sem varaútgang, ef hann er nógu stór. Í skýlinu þarf að vera reka, fata full af sandi, slökkvitæki eða fata með vatni. Ef nauðsynlegt er að brjóta timburpil eða hurðir til þess að komast að varaútgangi, þarf öxi eða sleggja að vera i byrginu. Ennfremur drykkjarvatn á brúsa eða flöskum, kerti, eða helzt vasaljós, sárabindi og nokkrar taurýjur, sem væta má og halda rökum fyrir vitum sér til varnar gegn reyk. Ef eigi er greiður aðgangur úr loftvarnabyrgi að salerni, má bæta úr því með fötusalerni, sem komið er fyrir i einu horni byrgisins. Hengja má t. d. strigatjald fyrir salerni þetta.

2. Loftvarnaskurðir hafa víða reynst mjög vel sem skýli i loftárásum. Eru þeir gerðir i garði húss eða næsta umhverfi. Verða þeir þó að vera það langt frá húsinu, að eigi sé hætt á, að húsið hrynji yfir þá. Bezt er að skurðurinn sé 6 fet á dýpt og 2 fet á breidd við botn. (Grynnri skurður getur vitanlega einnig komið að góðu gagni.) Við annan enda skurðsins þurfa að vera þrep niður i hann. Verður skurðurinn að vera svo langur, að hann geti rúmað alla íbúa eða starfsmenn hússins. Skurðurinn verður að vera þurr i botninn.

Opinn skurður getur veitt ágæta vörn gegn brotum og flisum er þeytast út frá sprengjum, sem springa i nágrenni hans. Lika má loka skurðinum. Skal þá refta yfir hann, nema við endann, þar sem gengið er niður i hann. Ofan á raftana má leggja bárujárni eða tréhlara og moka síðan allþykku moldarlagi þar ofan

á. Ef gerður er langur skurður, er best að hafa hann krókóttan, t. d. svona $\wedge\wedge\wedge$ eða $\sqcap\sqcap\sqcap$

3. Í Reykjavík hafa verið valdir allmargir kjallarar á við og dreif um bæinn, er nota á sem opinber loftvarnabyrgi, ef koma kynni til loftárásar hér. Við val þessara kjallara hefir, að svo miklu leyti sem unnt var, verið farið eftir þeim meginreglum, sem teknar eru fram undir lið 1.

Eins og áður getur, verður sérstökum byrgisvörðum falin umsjón með kjöllum þessum og útbúnaði þeirra.

Í sérhverju opinberu loftvarnabyrgi, — við aðalinnanganginn —, verða festar upp reglur um umgengi í byrginu, útbúnað þess o. fl., er almenning varðar.

Aðvaranir um árásarhættu.

Athugunarstöðvar. Komið hefir verið upp athugunarstöðvum víða um land. Gefa þær nánar gætur að ferðum allra flugvéla, er þær kunna að sjá eða heyra til. Jafnskjótt og vart verður við flugvél, og hvort sem er að nóttu eða degi, verða boð um það send simleiðis til landssimans í Reykjavík, er kemur þeim áfram rétta boðleið.

Ef loftárás telst yfirvofandi, sendir form. loftvarnanefndar, eða varamaður hans, samstundis aðvörun til hlutaðeigandi kaupstaðar, kaupsþúns og annara staða í landinu, sem taldir eru hættusvæði.

Í Reykjavík er aðvörun um hættu gefin þannig,

að allir talsímar í bænum hringja látlaust í 30 sek. Allar rafflautur bæjarins gefa hljóðmerki, **breytileg** að hæð og styrkleika, allan tímann á meðan hættan varir.

Til enn frekara öryggis munu á öllum stöðvum brezka setuliðsins þar verða gefin snögg og tíð hljóðmerki með vasaflautum hermannanna.

(Þar eð hætta er á, að skemmdir geti orðið á sjálfvirka símakerfinu í Reykjavík, ef of margir símar eru opnaðir í einu, eru menn varaðir við að taka upp heyrnartæki sín, þegar aðvörunarhringing er gefin, eða á næstu 5—10 mín. á eftir, nema mjög brýna nauðsyn beri til.

Það er því góð regla að temja sér, að taka heyrnartæki sitt að jafnaði ekki upp fyrr en við aðra hringingu!)

Þar eð vissulega er ókleift að segja fyrir um það, hve langur tími kunni að líða frá því að aðvörunarmerki er gefið unz árásarflugvélar geta verið komnar yfir bæinn, ber öllum tafarlaust að hlýða hættumerkjunum og leita þegar skjóls í afdrepi, byrgi, skurði eða á öðrum stað, sem líklegt er, að kunni að geta veitt nokkurt öryggi gegn loftárás.

Hjálparsveitir.

Þegar merki er gefið um yfirvofandi loftárás, skulu allir þeir, sem skráðir eru í neðangreindar hjálparsveitir, fara til stöðva sinna, skv. þeim fyrir-mælum, er þeim áður hafa verið gefin.

1. Slökkvilið og varaslökkvilið.
2. Lögregla og varalögregla.
3. Læknar.
4. Hjúkrunarfólk.
5. Ruðningslið.
6. Almennar hjálparsveitir.

Læknishjálp.

Öll sjúkrahús í Reykjavík eru við því búin að geta bætt við sig mörgum sjúklingum ef í nauðirnar rekur.

Fyrsta hjálp. Á Landsspítalanum, sjúkrahúsi Hvítabandsins og Landakotsspítala, í Líkn, Austurbæjarskólanum og á Elliheimilinu verða varðstöðvar lækna, hjúkrunarkvenna og skáta, er taka á móti þeim sjúklingum, er þangað leita. Auk þess verða læknar til viðtals á mörgum lækningastofum, en á hinum verður reynt að hafa einhvern til að svara í síma og gefa upplýsingar um næsta varðlækni.

Læknisvitjanir.

Í Líkn verður aðalvarðstöðin. Þar verður einnig læknavarðsveit reiðubúin að fara út í bæ, ásamt hjúkrunarliði, á þá staði, er hernaðaraðgerðir hafa valdið slysum og manntjóni. Þessar varðsveitir og bílar þeirra hafa merki Rauða krossins. Allar varðstöðvarnar hafa skátasveitum á að skipa til fyrstu hjálpar og sjúkraflutninga.

Brunaboðar í Reykjavík.**Austan Lækjargötu:**

- Baldursgata nr. 7, Bergstaðastræti (hornhús).
 Baldursgata nr. 30, Freyjugata (hornhús).
 Barónsstígur nr. 65, Eiríksgata (hornhús).
 Bergstaðastræti nr. 15, Spítalastígur (hornhús).
 Bergstaðastræti nr. 80.
 Fjölnisvegur nr. 2, Njarðargata (hornhús).
 Grettisgata nr. 46, Vitastígur (hornhús).
 Hringbraut nr. 56.
 Kárustígur nr. 1, Njálsgata, Káratorg (hornhús).
 Laufásvegur nr. 13, Skálholtsstígur (hornhús).
 Laufásvegur nr. 58, Njarðargata (hornhús).
 Laufásvegur, Reykholt.
 Laugavegur nr. 18, Vegamótastígur (hornhús).
 Laugavegur nr. 42, Frakkastígur (hornhús).
 Laugavegur nr. 78.
 Laugavegur nr. 126, Þvergata (hornhús).
 Lindargata nr. 4.
 Lindargata nr. 11 A, Vatnstígur (hornhús).
 Sjafnargata nr. 12.
 Smiðjustígur nr. 7, Hverfisgata (hornhús).
 Týsgata nr. 1, Skólavörðustígur (hornhús).
 Vitastígur nr. 3, Vitatorg.
 Þingholtsstræti nr. 12, Amtmannsstígur (hornhús).

Miðbær:

- Austurstræti nr. 4, Veltusund (hornhús).
 Geirsgata (Grófin), Hafnarhúsið (hornhús).

Kirkjustræti, Alþingishúsið (hornhús).

Lækjargata nr. 6 B.

Lækjartorg nr. 1.

Vestan Aðalstrætis:

Brattagata 6, Mjóstræti (hornhús).

Bræðraborgarstígur nr. 29, Túngata (hornhús).

Bræðraborgarstígur nr. 47, Ásvallagata (hornhús).

Framnesvegur nr. 5, Ránargata (hornhús).

Framnesvegur nr. 42, Sellandsstígur (hornhús).

Framnesvegur, Litla-Skipholt.

Mýrargata 9, Brunnstígur (hornhús).

Ránargata nr. 30.

Sólvallagata nr. 9, Blómvallagata (hornhús).

Túngata, Landakotsspítali.

Vesturgata nr. 12.

Vesturgata nr. 27, Ægisgata (hornhús).

Slökkvistöðvar í Reykjavík.

Aðalstöð:

Slökkvistöðin, Tjarnargötu 12. Sími 1100 (3 línur).

Aukastöðvar:

Túngata 20.

Vegamótastígur.

Klapparstígur 16.

Fjöltnisvegur 18.

Til athugunar.

Símaaðvörun um hættu. Allir, sem heyra aðvörunarhringingu símans, eru beðnir tafarlaust að gera húsverði eða varamanni hans aðvart.

Rafknúnar lyftur. Notið ekki lyftu hússins ef merki hefir verið gefið um yfirvofandi hættu. Ef rafmagnsstraumur til hússins rofnar, nemur lyftan staðar þar sem hún þá er komin.

Reykingar í loftvarnabyrgjum eru stranglega bannaðar.

Nokkur símanúmer í Reykjavík:

Skrifstofa loftvarnanefndar	5611
Slökkvistöðin	1100
Lögregluvarðstöðin	1166

Varðstöðvar lækna utan sjúkrahúsanna:

Líkn, Templarasundi (Aðalvarðstöð)	{ 3273 2610 2648	
Austurbæjarskólinn		5030
Elliheimilið		4080

Skrifstofa loftvarnanefndar veitir allar nauðsynlegar upplýsingar um loftvarnamál.

Skrifstofan er í lögreglustöðinni í Reykjavík.

Skrifstofutími fyrst um sinn kl. 10—12 og 16—19.

Sími: 5611.

Framkvæmdarstjóri nefndarinnar Lúðvíg Guðmundsson, er að jafnaði til viðtals kl. 11—12.

Efnisyfirlit.

	Bls.
Merki um hættu	3
Merki um að hættan sé liðin hjá	3
Hvað ber yður að gera, ef merki er gefið um yfir- vofandi loftárás?	4
Inngangur	5
Almennt um loftárásir og sprengjur	8
Loftvarnir í einstökum húsum	12
Leiðbeiningar fyrir þá, sem staddir eru innan húss	18
Um rúmliggjandi sjúklinga, gamalmenni o. fl.	20
Leiðbeiningar fyrir þá, sem staddir eru á götum úti ..	21
Leiðbeiningar fyrir þá, sem staddir er á bersvæði ..	22
Leiðbeiningar fyrir þá, sem staddir eru úti með reið- hjól, bifreiðar og skepnur	22
Um loftvarnabyrgi og loftvarnaskurði almennt	23
Aðvaranir um árársarhættu	25
Hjálparsveitir	26
Læknishjálp	27
Læknisvitjanir	27
Brunaboðar í Reykjavík	28
Slökkvistöðvar í Reykjavík	29
Til athugunar	30

70—80 ÞÚSUND KRÓNUR

þarf til að koma börnum úr Reykjavík í sveit á þessu sumri.

Nú verða allir bæjarbúar að styðja að því að hægt verði að koma þessu í framkvæmd.

Félög, stofnanir og einstaklingar, sem leggja vilja fram fé í þessu skyni, eru beðin að snúa sér til skrifstofu Rauða Krossins og Barnaverndarráðs, Hafnarstræti 8 (Mjólkurfélagshúsinu).

Almenn fjársöfnun verður hafin bráðlega.

Leggjumst nú allir á eitt, og hjálpum sem allra flestum börnum til að komast í sveit.